

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-71/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á skjávarpa hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 18. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 29. september. Engin andsvör bárust. Kæruneftndin óskaði eftir frekari upplýsingum frá álitsbeiðanda með bréfi, dags. 13. október, og barst svar í tölvupósti 16. október. Með bréfi, dags. 21. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Fyrri álitsbeiðni

Hinn 7. júlí sl. bað X um álit kæruneftndarinnar vegna sömu viðskipta og að framan greinir og í því máli gaf nefndin álit sitt 18. ágúst sl. Í álitinu segir m.a. eftirfarandi:

„Það er álit kæruneftndarinnar að seljandi hafi ekki glatað úrbótarétti sínum sbr. framangreind lagaákvæði og jafnframt verður að hafa í huga að álitsbeiðandi bað um viðgerð á skjávarpanum á sínum tíma. Það hve úrbætur hafa staðið lengi, og álitsbeiðandi kunnir ekki að hafa fengið þá þjónustu á viðgerðartímanum sem kveðið er á um í 3. málsgreininni [30. gr. laga nr. 48/2003], skapar álitsbeiðanda ekki út af fyrir sig rétt til þess að rifta kaupunum, samkvæmt ákvæði d-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003, sbr. ákvæði 32. gr. sömu laga. Þar af leiðir að hafna verður kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna að svo stöddu. Hins vegar ber seljanda að afhenda álitsbeiðanda skjávarpann í fullkomnu lagi við fyrsta mögulega tækifæri, en skilja verður það sem fram kemur í gögnum frá seljanda svo að nú hafi verið gert við skjávarpann. Geri hann það ekki er það álit kæruneftndarinnar að álitsbeiðanda sé heimilt samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum 26. og 32. gr. laga nr. 48/2003 að rifta kaupunum og fá kaupverðið endurgreitt.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur seljanda, Y, um riftun á kaupum skjávarpa er hafnað að svo stöddu. Seljanda ber að afhenda álitsbeiðanda skjávarpann í fullkomnu lagi við fyrsta mögulega tækifæri. Geri seljandi það ekki er álitsbeiðanda heimilt að rifta kaupunum og fá kaupverðið, kr. 160.562, endurgreitt.“

IV

Upplýsingar álitsbeiðanda

Í tölvupósti álitsbeiðanda til kærunevndarinnar frá 16. október kemur fram að seljandi hafi afhent honum skjávarpann á þeim tíma sem tilgreindur er í áliti kærunevndarinnar frá 18. ágúst sl. Hins vegar hafi skjávarpinn ekki verið í lagi og sé haldinn þeirri bilun að birtustig myndarinnar flökki. Álitsbeiðandi tekur dæmi og segir:

„Myndin er dökk og fer að flökka frá því birtustigi og yfir í bjartara mjög ört þar til hún stoppar í öðru hvoru birtustiginu um stund þar til atburðarásin endurtekur sig. Stóru stökkin í birtustigi eru að gerast á um 10 sekúndu fresti með örara blikki þar á milli. Vægast sagt algjörlega óviðunandi.“

Álitsbeiðandi segist hafa farið með skjávarpann til seljanda að hans beiðni og hafi starfsmaður seljanda ekki haft með málið að gera og reynt að ná í einhvern sem það hefði á sinni könnu en ekki tekist. Starfsmaðurinn hafi þá beðið um að skjávarpinn yrði skilinn eftir og sagt að haft yrði samband við álitsbeiðanda. Síðar sama dag hafi hann sent seljanda tölvupóst til þess að leggja áherslu á óskir sínar og jafnframt til þess að fá skrifleg viðbrögð seljanda. Í tölvupóstinum kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Vildi bara undirstrika það aftur sem ég sagði í símanum að ég er ekki að fara fram á viðgerð, þó svo að þið að sjálfsögðu bilanagreinið varpann til þess að staðfesta að eitthvað sé að honum þá er ég að sækjast eftir riftun og endurgreiðslu.“

Álitsbeiðandi kveðst stuttu seinna hafa fengið svohljóðandi svar frá seljanda:

„Þegar ég fór að skoða málið þá kom í ljós að varpinn kom til baka að utan í des. 2007, næstum tvö ár síðan. Hann rann úr ábyrgð í maí síðastliðnum, því miður og því er vonlaust að tala um útskipti á varpanum. Við getum samt sent hann út fyrir þig ef þú vilt það.“

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Svartækni ehf. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Skilja verður tölvupóst seljanda, sem rakinn er í niðurlagi IV. kafla hér að framan, svo að skjávarpinn sé ekki í lagi, en hann býður álitsbeiðanda að senda hann utan til viðgerðar. Í þessum tölvupósti segir að ábyrgð seljanda á skjávarpanum hafi runnið út í maí sl.

Eins og fram kemur í áliti kærunevndarinnar frá 18. ágúst sl. fékk álitsbeiðandi nýjan skjávarpa afhentan 30. maí 2007 í stað þess skjávarpa sem hann hafði áður keypt og reyndist gallaður. Hefur álitsbeiðandi því tvívegis fengið gallaða skjávarpa í viðskiptum sínum við seljanda. Ágreiningur aðila snýst um síðari skjávarpann. Sá skjávarpi bilaði 10. september 2007 og var þá gert við hann. Skjávarpinn bilaði aftur 27. mars 2009 og sýnist seljandi telja sig hafa gert við þá bilun, en hann skilar álitsbeiðanda skjávarpanum fyrir 1. september sl. í samræmi við álit kærunevndarinnar frá 18. ágúst sl. Í

tölvupósti álitsbeiðanda frá 12. september sl., sem er meðal gagna málsins, segir að í upphafi hafi skjávarpinn slökkt á sér en nú „blikki“ hann, þ.e. að birtustig myndarinnar flökki, sem sé algerlega óviðunandi. Álitsbeiðandi hefur og upplýst kærunefndina um að þessi bilun hafi verið fyrir hendi þegar honum hafi verið afhentur skjávarpinn samkvæmt álitni kærunefndarinnar frá 18. ágúst sl.

Enda þótt seljandi kunni að hafa gert við þá bilun sem í því var fólgin að skjávarpinn slökkti á sér verður ekki séð, sbr. það sem að framan er rakið, að seljandi hafi skilað álitsbeiðanda skjávarpanum í fullkomnu lagi eins og fyrir hann var lagt í álitni kærunefndarinnar frá 18. ágúst sl.

Kærunefndin álitur, þótt nýr galli á skjávarpanum, sem bæst hefur í hóp hinna fyrri, kunni að hafa komið fram eftir að ábyrgðartími samkvæmt 27. gr. laga nr. 48/2003 rann út þá verði að líta svo á, með hliðsjón af gallasögu skjávarpans að hann hafi verið og sé enn haldinn ekki óverulegum göllum, sbr. ákvæði 32. gr. laga nr. 48/2003. Hér verður og að hafa í huga viðskipti aðila í heild sinni, þ.e. að álitsbeiðandi hefur í þeim tvívegis fengið gallaða skjávarpa. Kærunefndin álitur því að álitsbeiðandi eigi rétt á, sbr. 15., 16. og 32. gr. laga nr. 48/2003 að rifta kaupnum og fá kaupverðið, kr. 199.903, endurgreitt.

VI Álitsorð

Fallist er á kröfu álitsbeiðanda, X, um riftun á kaupum á skjávarpa og að seljandi, Y, endurgreiði honum kaupverðið, kr. 199.903.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir